



# Einhverfusamtökin

## Vissir þú?

Að til eru ýmsar **mýtur** um einhverfu. Margir sjá fyrir sér Sólskinsdreginn eða Raymond úr kvikmyndinni Rain Man þegar einhverfu ber á góma. Fólk á einhverfurófi er eins misjafnt og það er margt. Það getur verið strákurinn sem er stöðugt að trufla kennsluna, stelpa sem teiknar best af öllum í skólanum, barnabarnið sem bregst illa við snertingu, unga konan á kassanum í Bónus, háskólaprófessorinn, kvikmyndaleikstjórinn, skrýtna konan í sundi sem þarf alltaf að hafa sama skápinn og þannig mætti lengi telja. Einhverfir eru alls staðar í samfélaginu og aðeins fáir þeirra falla inn í einhverja ákveðna staðalímynd. Hér eru nokkrar mýtur og staðreyndir um einhverfu.

Mýta	Staðreynd
Einhverfa er ýmist hegðunar-röskun, tilfinningaröskun eða geðröskun.	Einhverfa og skyldar raskanir hafa með taugabroska og taugalíffræðilega þætti að gera. Einhverfa kemur fram í barnæsku (oftast við 3-4 ára aldur) og er til staðar út ævina.
Fólk á einhverfurófi myndar yfirleitt ekki tengsl við aðra. Það gefur ekki gott augnsamband. Það talar ekki auðveldlega. Það er ekki sérlega vel gefið.	Flestir á einhverfurófi geta talað og myndað tengsl við aðra. Margir gefa ágætis augnsamband meðan öðrum finnst það mjög erfitt og upplifa jafnvel sársauka við að horfa í augu. Sumir geta ekki tjáð sig með tali en hafa þrátt fyrir það innra mál. Flestir á einhverfurófi eru með greind innan meðalmarka eða þar yfir, meðan sumir eru bæði einhverfir og með þroskahömlun.
Börn og fullorðnir á einhverfurófi vilja helst einangra sig félagslega.	Börn og fullorðnir á einhverfurófi vilja gjarnan eiga samskipti en eiga í erfiðleikum með að skilja og grípa félagsleg tækifæri í daglega lífinu og ná því síður færni í félagslegu samspili og vináttu. Fólk á einhverfurófi getur aukið félagsfærni sína ef það fær einstaklingsmiðaða sérhæfða þjálfun og stuðning.
Börnum og fullorðnum á einhverfurófi er sama um aðra.	Börn og fullorðnir á einhverfurófi upplifa oft mikla samkennd með öðrum en hafa ekki sjálfkrafa þróað með sér hæfni til að sýna í verki hvernig þeim líður.
Sumar þjálfunaraðferðir sem byggja á atferlismótun má nýta til að „lækna“ einhverfu ef þeim er beitt á markvissan og öflugan hátt meðan barn er á tilteknum aldri.	Það er ekki til lækning við einhverfu. Snemmtæk atferlisíhlutun hefur jákvæð áhrif á sum börn en síður á önnur. Snemmtæk þjónusta þarf að byggja á einstaklingsbundnum þörfum og því á hvaða hátt hvert og eitt barn lærir best. Varast skal aðferðir sem kynntar eru sem eina rétta leiðin til að „lækna“ einhverfu hjá börnum. Þegar um fullorðna á einhverfurófi er að ræða þarf einnig að huga sérstaklega að því að stuðningur sem og þjónusta sé einstaklingsmiðuð.
Fólk á einhverfurófi getur ekki náð árangri í lífinu og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.	Margir á einhverfurófi ná árangri og njóta velgengni í lífinu. Þeir stunda atvinnu og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Viðeigandi þjónusta, stuðningur og menntun í barnæsku eykur líkurnar á einhverft fólk verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og búi við svipuð lífsgæði og aðrir á fullorðinsárum.

Heimildir:  
Scutti, S. (2014). *Autism Awareness: 8 Myths (And Realities) About The Spectrum Disorder*. Sótt af: <http://www.medicaldaily.com/autism-awareness-8-myths-and-realities-about-spectrum-disorder-2>  
Nebraska Autism Spectrum Disorders Network (ed.). *Autism Myths and Facts*. Sótt 10. apríl 2017 af: [http://www.unl.edu/asdnetwork/autism\\_101.shtml](http://www.unl.edu/asdnetwork/autism_101.shtml)

© Einhverfusamtökin, fræðsluáttak 2017



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



ÁRANGUR Í UMHVERFSMÁLUM